

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað tölunnar "0,1%" í 1. mgr. kemur: 0,10%.
- b. Í stað tölunnar "0,5%" í 2. mgr. kemur: 0,50%.
- c. Í stað tölunnar "0,1%" í 3. mgr. kemur: 0,10%.

2. gr.

Í stað tölunnar "1,5%" í 5. gr. reglugerðarinnar kemur: 1,50%.

3. gr.

Í stað tölunnar "0,1%" í 6. gr. reglugerðarinnar kemur: 0,10%.

4. gr.

Í stað tölunnar "1,0%" í 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur: 1,00%.

5. gr.

Í stað tölunnar "0,1%" í 8. gr. reglugerðarinnar kemur: 0,10%.

6. gr.

Í stað tölunnar "0,1%" í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur: 0,10%.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Falli aðferð til að draga úr losun undir gildissvið tilskipunar 2014/90/ESB, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 989/2016, skal aðferðin vera samþykkt samkvæmt þeim reglum.
Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Aðferðir til að draga úr losun, sem falla ekki undir 2. málsl. 3. mgr. þessarar greinar, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) 2009/2002, að teknu tilliti til:
 - a. viðmiðunarreglna sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samið,
 - b. niðurstaðna tilrauna sem fram fóru skv. 10. gr. tilskipunar (ESB) 2016/802,
 - c. áhrifa á umhverfið, þ.m.t. minnkun á losun sem hægt er að ná fram, og áhrifa á vistkerfi í lokuðum höfnum og ármynnum, og
 - d. þess hvort unnt sé að koma við vöktun og sannpröfun.
- b. Í stað tölunnar "3,5%" í 4. mgr. kemur: 3,50%.

8. gr.

Á eftir 14. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 14. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Gildistaka tiltekinnar EES-gerða.

Eftirtaldir gerðir sem vísað er til í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XX. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/253 frá 16. febrúar 2015 um reglur varðandi sýnatöku og skýrslugjöf samkvæmt tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis, sem vísað er til í tölul. 21adb í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 321/2015 frá 11. desember 2015. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 16. febrúar 2017, bls. 56-60.

9. gr.

Við 15. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/253 frá 16. febrúar 2015 um reglur varðandi sýnatöku og skýrslugjöf samkvæmt tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og v. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 29. nóvember 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.